

Búrfell og Búrfellsgjá

Næstkomandi miðvikudagskvöld 17. maí verður fimmta gönguferð Ferðafélags Íslands í tilefni Náttúrverndarárs Evrópu farin um Búrfellsgjá, að Búrfelli og þaðan að Kaldárseli.

Búrfell er um 7 km í aust-norðaustur frá Hafnarfirði. Þetta er forn hraungígur, sem lætur ekki mikið yfir sér í landslaginu. Fyrir um 7200 árum urðu þar mikil eldsumbrot. Hraunið frá gígnum rann allt til sjávar og þekur nú svæðið milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Stór hluti Hafnarfjarðarkaupstaðar stendur á þessu hrauni. Einu nafni nefnist það Búrfellshraun, en ýmsir hlutar þess bera sérstök nöfn s.s. Gálgahraun, Hafnarfjarðarhraun, Urriðakotshraun o.fl. Meginhraunstraumurinn rann frá gígnum eftir einni langri rás sem nefnist Búrfellsgjá og er röskir 3 km á lengd. Selgjá, öðru nafni Norðurhella, tekur við af Búrfellsgjá og er í Urriðakotshrauni sunnan Vífilsstaðahlíðar.

Í Náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs segir að "Búrfell og hrauntröðin Búrfellsgjá og Selgjá ásamt um 200 m breiðri spildu beggja vegna gjánna" séu á skrá yfir friðlýst svæði vegna þess að hér sé "eldstöð frá nútíma" og "ein sérstæðasta hrauntröð landsins". Þetta friðlýsta svæði er nú innan marka Fólkvangs á Reykjanesi.

Í fyrirhugaðri gönguferð verður farið úr bílnum við enda Búrfellsgjár og gengið eftir henni endilangri upp á Búrfell, þar sem gígurinn er. Vesturendi gjárinnar er flatur í botninn og allbreiður. Þar er Gjáarrétt, fyrrum skilarétt bændanna við Hafnarfjörð og á Álftanesi. Nú standa hálfhrundir réttarveggirnir eftir. Þeir segja sína sögu þótt sauðkindin sé horfin af sviðinu. Margt forvitnilegt má sjá þar s.s. vatnsbólíð sem erfitt er að finna.

Þessari gönguferð lýkur við Kaldársel sem er vestanvert við Helgafell. Leiðin þangað frá Búrfelli er auðgengin, yfir slétt hraun að fara og hallar frekar undan fæti. Ef tími er nægur er lítil krókur að skreppa að Valahnúkum sem eru milli Búrfells og Helgafells. Þar er hellir sem hét áður Músarhellir en nú Valaból. Gangnamenn gistu í honum áður fyrr. Um 1940 fengu Farfuglar hellinn til umráða. Gerðu þeir hann íveruhæfan og stunduðu þar útilegur. Þar hafa þeir gróðursett tré, og prýðir fagur trjálundur nú þennan stað.

Skammt frá húsinu í Kaldárseli eru lítil vötn sem heita Kaldárbotnar. Þangað sækja Hafnfirðingar neysluvatn sitt. Kaldá fellur þaðan en hverfur í hraunið rétt fyrir vestan húsið. Mun hún vera ein stysta á landsins. Þjóðsagan segir að fyrrum hafi Kaldá verið stórt og vatnsmikið fljót, en eftir að bræður tveir drukknuðu í því hafi faðir þeirra, sem var rammgöldróttur, kveðið hana niður í hraunið.

Nú er Kaldársel í eyði en þar er starfrækt barnaheimili á sumrin á vegum KFUM og K. Þegar Gjáarrétt var aflögð var byggð nú rétt við Kaldársel. Stendur hún enn. Þar lýkur þessi gönguferð.